

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Arnarnesvegur, 3. áfangi – USK24090155.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 12. desember 2024, breytingu á deiliskipulagi Arnarnesvegar, áfanga 3. Í breytingunni felst að lega stofnstígs (göngu- og hjólastígar) er uppfærð til samræmis við fyrirliggjandi hönnun mismislaðra gatnamóta Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar sem og deiliskipulags Elliðaárdals. Þá breytast deiliskipulagsmörk Arnarnesvegar innan marka Reykjavíkurborgar til samræmis við nýja afmörkun Elliðaárdals. Alls flyst 1,21 ha frá Arnarnesskipulaginu og yfir í deiliskipulag Elliðaárdals. Deiliskipulagsmörkin eru breytt þannig að mörkin fara að vegkanti ramps á Arnarnesvegi. Samgöngustígur norðan Breiðholtsbrautar ásamt fláum færast þar með yfir í deiliskipulag Elliðaárdals og að mörkum íbúðarbyggðar ÍB40. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kvosin – Aðalstræti 7 – USK25030265.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 27. mars 2025, breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 7 við Aðalstræti. Í breytingunni felst að heimilt verði að gera þrjá kvisti á þak til norðurs og skal samanlögð heildarbreidd þeirra ekki vera meiri en 390 cm. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.171.4 – Laugavegur 12B-16 – USK25010256.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 29. apríl 2025, breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.4 vegna lóðarinnar nr. 12B-16 við Laugaveg. Í breytingunni felst sameining lóðanna. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Korpúlfsstaðir – Thorsvegur 1 – USK25030089.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 20. mars 2025, breytingu á deiliskipulagi Korpúlfsstaða vegna lóðarinnar nr. 1 við Thorsveg. Í breytingunni felst að heimilt verði að nýta milliloft í vélageymslu, auka byggingarmagn og fjölga bílastæðum um 2 og hjólastæðum um 1 ásamt því að tekið er úr skilmálum að núverandi efnisgeymsla standi áfram á lóðinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 11. júní 2025.

Brynjar Þór Jónasson skipulagsfulltrúi.